

Skuggakosningar í framhaldsskólum  
13. október 2016



**Handbók um framkvæmd skuggakosninga  
Fyrir framhaldsskóla**

Leiðbeiningar og hagnýtar upplýsingar fyrir yfirkjörstjórnir og aðra sem  
skipuleggja og framkvæma skuggakosningar



Unnið af Landssambandi æskulýðsfélaga &  
Sambandi íslenskra framhaldsskólanema



## EFNISYFIRLIT

UM HANDBÓKINA	2
1. Skipun kjörstjórna	2
2. Undirbúningur	3
2.1. Kjörstaður	3
2.2. Auglýsing	3
2.3. Kjörgögn	4
2.3.1. Kjörskrár	4
2.3.2. Kjördeildir	4
2.3.3. Kjörgögn af vefnum	5
2.3.4. Kjörgögn frá landskjörstjórn	5
2.4. Fundarboð	5
2.5. Annað mikilvægt	6
3. Kosningadagur	6
3.1. Uppstilling kjördeilda á kjörstað	6
3.2. Kjörstjórnafundur og afhending kjörgagna	7
3.3. Kjörfundur	9
3.4. Skilríki	9
3.5. Kosningaspjöll	9
3.6. Aðstoð við kosningu	10
4. Uppgjör	11
4.1. Uppgjör kjörstjórna	11
4.2. Uppgjör yfirkjörstjórnar	11

## UM HANDBÓKINA

Handbók þessi er hugsuð sem leiðarvísir fyrir yfirkjörstjórnir skuggakosninga í framhaldsskólum árið 2016. Mikilvægt er að fylgja öllum skrefum handbókarinnar við undirbúning og framkvæmd kosninga. Athugið að í handbókinni er vitnað í kjörbók og kosningalög um skuggakosningar og því mikilvægt að hafa þau gögn til hliðsjónar.

Ef upp koma vandamál má hafa samband við skrifstofu landskjörstjórnar í Hinu húsinu. Hægt er að senda tölvupóst á [egkys@neminn.is](mailto:egkys@neminn.is) eða hringja í síma 551-4410/561-1100.

### 1. Skipun kjörstjórna

Þegar skólastjórnendur hafa skráð skólann til þátttöku í skuggakosningum skal skipa yfirkjörstjórn sem fyrst en eigi síðar en 6. október. Í henni skulu vera fjórir nemendur og einn kennari. **Yfirkjörstjórn** skal skipuð með eftirfarandi hætti:

1. Skólastjóri eða staðgengill hans skipar kennara í yfirkjörstjórn. Skal þeim upplýsingum komið til nemendaráðs eða til þess hóps nemenda sem verkefnið er falið af skólastjórn.
2. Hver sá sem á sæti í nemendaráði eða undirráðum þess getur gefið kost á sér í yfirkjörstjórn. Einnig geta skólastjórnendur/staðgenglar þeirra skipað einstaka nemendur í yfirkjörstjórn.
3. Verði þeir ekki skipaðir eða sjálfkjörnir kýs nemendaráð á milli þeirra sem bjóða sig fram í leynilegri atkvæðagreiðslu.
4. Þegar yfirkjörstjórn hefur verið fullskipuð kýs hún sér oddvita. Viðkomandi er tengiliður skólans við landskjörstjórn og skal senda tölvupóst á [egkys@neminn.is](mailto:egkys@neminn.is) með upplýsingum um nafn skóla og oddvita ásamt símanúmeri viðkomandi.

Yfirkjörstjórn skal kynna sér kosningalög skuggakosninga 2016. Þegar ljóst er hversu margar kjördeildir verða settar upp í skólanum skal yfirkjörstjórn skipa í kjörstjórnir eftir kjördeildum samkvæmt 3. gr. kosningalaga. Kjörstjórnir skulu vera svo skipaðar:

1. Yfirkjörstjórn auglýsir eftir sjálfboðaliðum til að mynda eins margar kjörstjórnir í hverjum skóla eins og lögin kveða á um.
2. Í hverri kjörstjórn skulu vera fjórir nemendur.
3. Skulu þeir sem fyrst gefa kost á sér fá sæti í kjörstjórn og þannig koll af kalli þar til að þær hafa verið fullmannaðar allan kjörfundinn (kl. 09-16). Heimilt er

að skipta um kjörstjórnarfulltrúa eftir þörfum á meðan kjörfundi stendur. Er það á ábyrgð yfirkjörstjórnar að kjördeildir séu ávallt fullmannaðar.

**Allar kjörstjórnir eru bundar þagnarskyldu. Mikilvægt er að yfirkjörstjórn upplýsi alla kjörstjórnarfulltrúa um þá ábyrgð sem þeim er falin og um þá þagnarskyldu sem þeir skulu lúta - óski kjóсандi t.d. eftir aðstoð (sjá nánar í kafla 3.6).**

## 2. Undirbúningur

### 2.1. Kjörstaður

Í samráði við skólastjórnendur eða staðgengla þeirra þarf yfirkjörstjórn að koma sér saman um staðsetningu kjörstaðar. Athugið að heimilt er að hafa fleiri en eina kjördeild í sama rými (t.d. tvær kjördeildir í hverri kennslustofu eða allar kjördeildir í matsal skólans).

### 2.2. Auglýsing

Eftir að yfirkjörstjórn hefur komið sér saman um staðsetingu skal hún auglýsa skuggakosningarnar í síðasta lagi 10. október (við upphaf lýðræðisvikunnar). Kjördagur skal haldinn í öllum skólum sem skráðir eru til þátttöku, fimmtudaginn **13. október**. Taka skal fram í auglýsingunni hvaða nemendur hafa kosningarétt og að kjósendur þurfi að hafa persónuskilríki meðferðist á kjörstað.

Gott getur verið að senda út tölvupóst, fá birta auglýsingu á tilkynningarskjá skólans, nota samfélagsmiðla og jafnvel ganga í kennslustofur til þess að tryggja góða þátttöku.

### 2.3. Kjörgögn

#### 2.3.1. Kjörskrár

Því næst skal yfirkjörstjórn undirbúa kjörskrár. Það getur verið tímafrekt að setja þær upp og skipta þeim niður á kjördeildir, því skal það gert með góðum fyrirvara. Gerð kjörskráa fer þannig fram:

1. Yfirkjörstjórn fær tvo nemendalista með nöfnum og kennitölum afhenda frá skólastjórnendum/staðgenglum þeirra. Annar er listi yfir nemendur yngri en 18 ára og hinn nemendur 18-21 árs í samræmi við 1. gr. kosningalaga.

2. Nemendalistarnir innihalda persónuupplýsingar um nemendur. Því er mikilvægt að þær séu virtar, eingöngu notaðar fyrir kosningarnar og að þeim sé haldið innan kjörstjórna sbr. ofangreinda þagnarskyldu.
3. Yfirkjörstjórn deilir fjölda nemenda á hverjum lista niður á kjördeildir í samræmi við 3. gr. kosningalaga um kjördeildir. Gott er að skipta listunum jafnt á milli kjördeilda til að jafna umferð kjósenda og skera listana á milli stafa en ekki inn í miðju „F“ eða „J“ t.d. Yfirkjörstjórn útbýr kjörskrá fyrir hverja kjördeild með þeim hætti að nemendalistarnir eru settir upp eftir stafrófsröð í Excel (eða sambærilegum töflureikni) og er hver kjósandi númeraður; ef kjörskrá fyrir kjördeild eitt endar á kjósanda númer 346 byrjar kjördeild tvö á 347 og þannig koll af kalli.
4. Á forsíðu hvernar kjörskrár skulu vera eftirfarandi upplýsingar:
  - a. Kjördæmi (sjá 2. gr. kosningalaga).
  - b. Nafn skóla.
  - c. Númer kjördeildar.
  - d. Aldurshópur kjördeildar.
  - e. Stafrófsröð í kjördeild (t.d. A-G)
  - f. Fjöldi kjósenda á kjörskrá kjördeildar.
5. Prenta skal út tvö eintök fyrir hverja kjörstjórn.
6. Oddviti yfirkjörstjórnar skal senda landskjörstjórn þessar upplýsingar á [egkys@neminn.is](mailto:egkys@neminn.is) svo hægt sé að útbúa og senda yfirkjörstjórn réttan fjölda kjörseðla flokkaða eftir kjördeildum.

### 2.3.2. Kjördeildir

Þegar allar kjörskrár eru tilbúnar þarf að útbúa eftirfarandi:

1. Kjördeildarnúmer. Prenta skal út eina A4 síðu í word fyrir hverja kjördeild. Á síðunni skal koma fram með stórum stöfum númer kjördeildar, þar fyrir neðan með aðeins minni stöfum, aldurshópurinn og neðst staðsetning í stafrófinu t.d. M-R. Þessi blöð skal nota til að merkja kjördeildirnar.
2. Kjördeildarskrá. Útbúa skal lista yfir kjördeildir sem rúmar eina A4 síðu. Hún kann að líta einhvernvegin svona út (eftir því hversu fjölmennur skólinn er):

<b>Kjördeild 1</b> 18-21 árs A-M	<b>Kjördeild 2</b> 18-21 árs N-Ö	<b>Kjördeild 3</b> 18 ára og yngri A-M	<b>Kjördeild 4</b> 18 ára og yngri N-Ö
--	--	--	--

Kjördeildarskráin skal hengd á áberandi stað á kjörstað.

### 2.3.3. Kjörgögn af vefnum

Á vefnum egkys.is, undir „skuggakosningar“ og „framkvæmd skuggakosninga“ er að finna kosningalögin og kjörbækur fyrir kjörstjórnir á pdf. formi. Yfirkjörstjórnir skulu prenta út eitt eintak af hvoru fyrir hverja kjörstjórn og afhenda á kjördag.

### 2.3.4. Kjörgögn frá landskjörstjórn

Yfirkjörstjórn fær send önnur kjörgögn frá landskjörstjórn, sem nota þarf við skuggakosningar. Oddviti yfirkjörstjórnar er tengiliður skólans við landskjörstjórn og því er mikilvægt að hann sendi tölvupóst á [egkys@neminn.is](mailto:egkys@neminn.is) með upplýsingum um hvernig hægt sé að ná í hann um leið og hann hefur verið skipaður. Landskjörstjórn hefur þá samband við oddvita til að koma kjörgögnum áleiðis til viðkomandi skóla og í réttar hendur. Kjörgögn frá landskjörstjórn eiga að innihalda:

1. Kjörseðla flokkaða eftir kjördeildum.
2. Umslög, tvö fyrir hverja kjördeild, annað merkt „ónýttir“ seðlar, hitt „ógildir seðlar“.
3. Kjörkassa fyrir hverja kjördeild.
4. Blýanta fyrir kjörstjóra og kjósendur.
5. Yddara.
6. Framboðslista til að hengja upp á kjörstað.
7. Innsigli.
8. Uppgjörsblað fær oddviti yfirkjörstjórnar sent með tölvupósti.

## 2.4. Fundarboð

Yfirkjörstjórn boðar allar kjörstjórnir með góðum fyrirvara á kjörstjórnafund að morgni kjördags kl. 8. (gætið þess að allir staðfesti komu sína). Gera má ráð fyrir að fundurinn taki um klukkutíma með afhendingu kjörgagna og uppsetningu kjördeilda.

Í fjölmennari skólum getur verið gott að funda daginn áður. Það sama á við um uppstillingu kjördeilda, yfirkjörstjórnir þurfa mögulega að boða einhverja kjörstjórnarfulltrúa fyrir til að hjálpa við að undirbúa kjörstaðinn. Sjá leiðbeiningar fyrir uppstillingu kjördeilda og dagskrá kjörstjórnafundar í kafla 3.

## 2.5. Annað mikilvægt

Gott er ef kjörstjórnir geta aðgreint sig eða merkt á einhvern hátt, t.d. með bolum merktum skólanum, nafnspjöldum eða öðru. Það hjálpar kjósendur að vita hvert á að leita aðstoðar.

Landskjörstjórn óskar eftir því að yfirkjörstjórnir skipi ljósmyndara til að taka myndir á kjördag og senda á [egkys@neminn.is](mailto:egkys@neminn.is).

Yfirkjörstjórnir eru hvattar til að birta myndir af undirbúningi og framkvæmd skuggakosninga og nota #ÉgKýs og jafnfram hvetja nemendur til að nota það á kjördag - í von um að myllumerkið „trend-i“ á samfélagsmiðlum.

Athugið: Til þess að verja réttindi kjósenda til leynilegrar atkvæðagreiðslu er kjósendum ekki heimilt að tala í símann né taka myndir inni í kjördeild. Ef aðrir sjá hvernig kjósandi kýs er atkvæðaseðillinn ónýtur og má ekki fara í kjörkassann. Upplýsa þarf kjörstjórnir um það.

### 3. Kosningadagur

#### 3.1. Uppstilling kjördeilda á kjörstað

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á að allar kjördeildir séu tilbúnar áður en kjörfundur hefst. Uppstillingin fer eftir kjörstaðnum og fjölda kjördeilda. Gott er að hafa í huga:

1. Koma fyrir þremur borðum og stólum fyrir kjörstjórn á góðum stað innan hverrar kjördeildar.
2. Ef kjördeildir verða ekki í kennslustofum, hugsið hvar kjósendur geta myndað raðir að hverri kjördeild.
3. Gera ráð fyrir rými þar sem að kjósendur geti kosið leynilega við borð. Hægt er að notast t.d. við skilrúm eða koma fyrir borði úti í horni.
4. Ákveðið hvar kjörkassinn á að vera í hverri kjördeild. Hafið hann á góðum stað í auglýsing kjörstjórnar og á áberandi stað fyrir kjósendur - þannig að þeir geti sett atkvæðið sitt í kassann og auðveldlega yfirgefið kjördeildina að því loknu.
5. Hengið kjördeildarnúmer sem yfirkjörstjórn hefur útbúið á áberandi stað þannig að kjósendur geti auðveldlega fundið sína kjördeild (t.d. fyrir utan kennslustofu eða fyrir framan borðið hjá kjörstjórn í opnara rými).
6. Að lokum hengir yfirkjörstjórn á áberandi stað við inngang á kjörstað; kjördeildarskránnu og framboðslista kjördæmisins.

#### 3.2. Kjörstjórnafundur og afhending kjörgagna

Yfirkjörstjórn og kjörstjórnir skulu hittast áður en kjörfundur hefst þar sem yfirkjörstjórn fer yfir ýmis atriði varðandi kjördaginn. Oddviti yfirkjörstjórnar stýrir fundinum og sér til þess að farið sé yfir öll neðangreind atriði:

1. Yfirkjörstjórn setur fjóra saman í hverja kjörstjórn og biður allar kjörstjórnir um kjósa sér oddvita. Ef ekki tekst að fullmanna allar kjörstjórnir skal kalla til varamenn.
2. Yfirkjörstjórn útskýrir fyrirkomulagið í kjördeildum.
  - a. Oddvitinn situr í miðjunni með kjörbók, kosningalög, kjörseðla, umslög og blýant.
  - b. Hinir kjörstjórnarfulltrúarnir sitja sitthvoru megin við oddvita, hvor með eitt eintak af kjörskránni og blýant.
  - c. Fjórði kjörstjórnarfulltrúinn, tilsjónarmaður, stendur við inngang kjördeildar, stýrir kjósendum inn í deildina og segir þeim að vera með persónuskilríki tilbúin. Hann fylgist jafnframt með kjósendum setja kjörseðlana í kjörkassann og leysir aðra kjörstjórnarfulltrúa af eftir þörfum.
3. Yfirkjörstjórn útskýrir hvernig kosningaferlið á að ganga fyrir sig:
  - a. Kjósendur mynda röð hjá tilsjónarmanni.
  - b. Kjósandi gengur að borði kjörstjórnar og réttir fram persónuskilríki.
  - c. Oddviti tekur við skilríkjum og kjörstjórnarfulltrúi finnur nafn kjóсандans í kjörskrá og merkir X við það (athugið að hægt er að afgreiða tvo kjósendur í einu).
  - d. Þegar kjörstjórnarfulltrúi hefur merkt X við kjósenda, réttir oddviti honum einn kjörseðil. Auk þess merkir hann strik í prikblaðið í kjörbók. Þannig skráir oddviti kjörsókn niður eftir kyni.
  - e. Kjósandi kýs leynilega við borð, brýtur atkvæðaseðilinn þannig að prentaða hliðin snúi inn, setur kjörseðilinn í kassann og yfirgefur síðan kjördeildina.
4. Yfirkjörstjórn útskýrir notkun prikblaðs:
  - a. Oddviti yfirkjörstjórnar skal útskýra vel hvernig oddviti kjörstjórnar á að merkja inn á prikblaðið. Þ.e.a.s. að merkja eitt strik í dálk fyrir hvern kjörseðil sem hann gefur frá sér, - eftir því hvort það er karl eða kona sem hann afhendir kjörseðilinn, þar til að fimm strik eru komin og færa sig síðan í næsta dálk o.s.frv. (sjá leiðbeiningar í kjörbók).
  - b. Á klukkutíma fresti eru atkvæðin reiknuð saman ( karlar + konur) í neðsta dálkinn. Þá eru samanlögð prik borin saman við þann fjölda kjósenda í kjörskrá sem búið er að merkja við. Brýnt er að hafa tölustafina skýra og skiljanlega.
  - c. Kjörstjórnarfulltrúar fylgjast með og tryggja að oddviti merki við prikblað í hvert sinn sem hann afhendir kjörseðil.



- d. Kjörseðlar eru taldir 10 saman í bunkum. Í hvert sinn sem bunki klárast skal það stemma við fjölda prika á prikblaði og þeirra sem búið er að merkja við í kjörskrá.
5. Yfirkjörstjórn útskýrir önnur mikilvæg atriði:
- a. Farsíma og myndavélanotkun; Kjósendur eru hvattir til að taka þátt í #ÉgKýs umræðunni en þó ekki á meðan þeir eru staddir í kjördeildum, þar er öll símanotkun óleyfileg - til að verja réttindi til leynilegrar atkvæðagreiðslu.
  - b. Hvernig eigi að bregðast við ef kjósendi getur ekki gert grein fyrir sér með persónuskilríkjum (sjá kafla 3.4. í þessari bók).
  - c. „Kosningaspjöll“ og hvernig skal bregðast við þeim (sjá kafla 3.5. í þessari bók).
  - d. Hvað ber að gera ef kjósendi þarf aðstoð við kosningu? (sjá kafla 3.6. í þessari handbók).
  - e. Fara í gegnum kjörbók og gæta þess að kjörstjórnir skilji hvernig fylla á hana út og reikna uppgjör. **Mikilvægt er að kjörstjórn fylli út allt í kjörbók eftir að kjörfundi lýkur.**

Þá afhendir yfirkjörstjórn öllum oddvitum flokkuð kjörgögn eftir númerum kjördeilda:

1. Tvö eintök af kjörskrá kjördeilda.
2. Eitt eintak af kosningalögum.
3. Eitt eintak af Kjörbók.
4. Kjörkassa kjördeilda.
5. Kjörseðla.
6. Tvö umslög.
7. 12 blýanta.

Því næst fer hver oddviti yfir listann á blaðsíðu 2 í kjörbók og tryggir að hann hafi öll kjörgögn. Þá fyllir hann út bls 1-2 í kjörbók.

Áður en kjörfundur hefst skal yfirkjörstjórn fara í allar kjördeildir og ganga úr skugga um að allt sé tilbúið fyrir kjörfund og að allir viti hvert þeirra hlutverk er. Gæta skal þess að allir kjörkassar séu tómir.

### 3.3. Kjörfundur

Yfir daginn er mikilvægt að yfirkjörstjórn kanni reglulega hvort allt gangi vel fyrir sig í kjördeildunum. Yfirkjörstjórn skiptir með sér verkum, á meðan sumir sjá um að veita

kjósendum upplýsingar leysa aðrir kjörstjórnarfulltrúana af eftir þörfum. Yfirkjörstjórn skal gæta sérstaklega að:

- Alltaf séu fjórir í hverri kjördeild.
- Vera til staðar til þess að leysa kjörstjórnir af eftir þörfum ef ekki næst í varamann.
- Að minnsta kosti einn úr yfirkjörstjórn þarf að vera á kjörstað til þess að aðstoða kjósendur í réttar kjördeildir og veita upplýsingar ef kjósendur vantar aðstoð.
- Kjörstjórnir fari eftir leiðbeiningum í kjörbók.
- Gera breytingar á kjörstjórnnum ef einhver sinnir ekki hlutverki sínu.
- Hafa eftirlit með og bregðast við ef á kjörstað eða í næsta nágrenni hans fer fram kosningaáróður, kosningaspjöll eða önnur starfsemi sem truflar eða hindrar eðlilega framkvæmd kosninga.

### 3.4. Skilríki

Kjósandi gerir kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa skilríkjum, debetkort, nemendaskírteini og önnur skilríki með mynd og kennitölu teljast fullgild skilríki. Sé kjósandi ekki með skilríki ber að kalla til fulltrúa yfirkjörstjórnar. Ekki skal tefja kosninguna af þeim sökum. Yfirkjörstjórn skal fá annan kjósanda (sem hefur persónuskilríki meðferðis) til að votta að kjósandi sé sá sem hann segist vera (t.d. vinur eða samnemandi sem þekkir hann með nafni). Sé sú leið farin skal fylla út viðeigandi vottorðseyðublað í viðauka kjörbókarar.

***Aldrei skal vísa kjósenda frá kjörstað fyrr en öll tiltæk úrræði hafa verið reynd.***

### 3.5. Kosningaspjöll

Ýmislegt getur komið upp á kjördag sem fellur undir kosningaspjöll. Kjósandi getur gert tilraun til að yfirgefa kjörstað án þess að skila kjörseðli, sýnilegur kosningaáróður á kjörstað eða í næsta nágrenni, kjósandi getur reynt að hafa áhrif á framkvæmd kjörfundarins og svo framvegis.

Yfirkjörstjórn skal samstundis stöðva allt sem fellur undir kosningaspjöll. Ef upp koma aðstæður sem yfirkjörstjórn treystir sér ekki til að bregðast við skal hún leita til skólastjórnenda og skulu þeir ákveða hvernig skal tekið á málinu. Ef slíkt atvik kemur upp, sem talið er geta haft áhrif á niðurstöður kosninganna er oddviti yfirkjörstjórnar beðinn um að tilkynna það til landskjörstjórnar í síma 551 4410/561 1100.

### 3.6. Aðstoð við kosningu

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því að hann sé ekki fær um að kjósa **vegna sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf** á hann rétt á aðstoð. Viðkomandi kjörstjórn skráir slíkt í kjörbók sína. Ef kjósandi uppfyllir ofangreind skilyrði og óskar eftir aðstoð við kosningu á hann val um tvennt:

1. Kjósandi getur sjálfur valið einn úr kjörstjórninni sér til aðstoðar og er sá bundinn þagnareið um það sem fer þeim á milli. **Kjörstjórnarfulltrúi skal ekki sjálfur bjóða fram aðstoð sína.** Aðstoð skal aðeins veita ef kjósandi óskar ótvírætt eftir henni.
2. Kjósandi getur óskað eftir að fulltrúi sem hann hefur valið sjálfur aðstoði hann við að greiða atkvæði. Ef kjósandi óskar eftir því við kjörstjórn skal honum vísað til yfirkjörstjórnar. Eftirfarandi er mikilvægt að hafa í huga þegar kjósandi óskar eftir aðstoð:
  - a. Fulltrúi kjósandans skal víkja frá á meðan kjósandinn tjáir ósk sína við yfirkjörstjórn.
  - b. Ósk kjósandans verður að vera óþvinguð og ótvíræð.
  - c. Aðstoðina skal skrá í kjörbók viðkomandi kjörstjórnar.
  - d. Ef fallist er á beiðnina skal úrskýrt fyrir fulltrúa kjósandans að hann sé bundinn þagnareið.
  - e. Sé beiðnin ekki samþykkt skal viðkomandi aðstoðarmanni greint frá því að beiðnin uppfylli ekki skilyrði fyrir hjálpinni, en kjósanda sé heimilt að óska eftir aðstoð frá fulltrúa í kjördeild.
  - f. Ef beiðni um aðstoð er samþykkt skal kjósanda og fulltrúa hans fylgt í rétta kjördeild og kjörstjórn skýrt frá því að aðstoðin hafi verið heimiluð.
  - g. Hver og einn má aðeins aðstoða einn kjósanda.

#### **Athugið:**

Kjósandi verður sjálfur að geta tjáð þann vilja sinn **óþvingað og með skýrum hætti** að hann óski aðstoðar fulltrúans sem hann hefur valið. Geti kjósandi það ekki þarf hann að leggja fram skriflegt leyfi forráðamanns (ef fulltrúinn er ekki forráðamaður) eða viðeigandi vottorð sé kjósandinn eldri en 18 ára. Í vottorðinu er staðfest að kjósandi hafi sjálfur valið tiltekinn nafngreindan fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Uppfylli kjósandi ekki framangreind skilyrði má kjörstjórn ekki heimila atkvæðagreiðslu með þessum hætti.

## 4. Uppgjör

Kjörstjórnnum er einungis heimilt að slíta atkvæðagreiðslu fyrir kl. 16:00, ef allir sem eru á kjörskrá í þeirri kjördeild hafa greitt atkvæði. Oddviti kjörstjórnar skal tilkynna lok atkvæðagreiðslu til yfirkjörstjórnar, ljúka við að fylla út kjörbók og yfirkjörstjórn gengur síðan frá kjördeildinni samkvæmt handbók þessari.

Kjörfundi skal slitið kl. 16.00 en kjósendur sem ennþá bíða í röð og mættu á kjörstað fyrir 16:00 hafa rétt á að greiða atkvæði. Meti yfirkjörstjórn það sem svo að kjörsókn hafi ekki verið nægileg eða ef langar biðraðir eru fyrir utan kjördeild, þá má hún framlengja kjörfund til kl. 17 eins og 37. gr. kosningalaga kveður á um.

### 4.1. Uppgjör kjörstjórna

Þegar kjörfundi er slitið skal oddviti kjörstjórnar ganga frá ónýtum og ónýttum seðlum í sérmerkt umslög. Skal umslögum lokað mjög vandlega og þess gætt að engir kjörseðlar geti dottið úr. Umslögín eru síðan sett í kjörkassann.

Yfirkjörstjórn gengur á milli kjördeilda og fer yfir uppgjör kjörstjórna áður en hún tekur við gögnunum. Ganga þarf úr skugga um að allt í kjörbók sé útfyllt, og að að útreikningar séu réttir. Þá staðfestir yfirkjörstjórn með undirskrift sinni og dagsetningu að uppgjörið hafi verið yfirfarið og afstemmt áður en kjörstjórn setur kjörbók í kjörkassann. Þar með er verkefni kjörstjórna lokið.

### 4.2. Uppgjör yfirkjörstjórnar

Þegar yfirkjörstjórn hefur safnað öllum gögnum saman gengur hún frá kjörgögnum:

1. Oddviti fyllir út „uppgjörblað oddvita“ sem landskjörstjórn hefur sent í tölvupósti. Það er notað til að reikna út heildarkjörsókn hvers skóla þar sem uppgjör allra kjördeilda er lagt saman. Reikna skal tvisvar til þess að tryggja að allt sé rétt samanlagt og þess gætt að tölur séu skýrar og skiljanlegar.
2. Oddviti setur uppgjörblað sitt í kjörkassa **kjördeildar 1**.
3. Þá er sett innsigli yfir kjörseðlaraufarnar á öllum kjörkössunum þannig að ekki sé hægt að opna kassana (hvorki ná gögnum úr né troða í) án þess að fjarlægja innsiglið. Önnur gögn verða eftir í skólanum. ATHUGIÐ að fara með kjörskrár til skólastjórnenda sem eyða þeim.

Eftir að yfirkjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum skal hafa eftirlit með þeim og halda frá óviðkomandi aðilum. Gögnunum er síðan komið fyrir í læstri geymslu eða kennslustofu.

Oddviti yfirkjörstjórnar ber ábyrgð á að kjörgögnum sé komið til landskjörstjórnar svo fljótt sem auðið er en eigi síðar en mánudaginn 17. október. Oddvitar fá tölvupóst frá landskjörstjórn um hvernig gögnin skulu send/sótt.

Þegar yfirkjörstjórn hefur sent gögnin eða landskjörstjórn sótt þau (á höfuðborgarsvæðinu) er hlutverki yfirkjörstjórnar lokið.

Framlag ykkar skóla í að efla kosningaþátttöku og lýðræðisvitund ungs fólks er ómetanlegt. Fyrir hönd Landssamband æskulýðsfélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema þakkar landskjörstjórn þér/ykkur fyrir þátttökuna. Niðurstöður kosninga verða birtar á [egkys.is](http://egkys.is) þann 29. október

**Landskjörstjórn,**

Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir, formaður SÍF

Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri SÍF

Sigurður Sigurðsson, formaður LÆF

Tinna Isebarn, framkvæmdastjóri LÆF

Þórður Jóhannsson, alþjóðaforseti LÍS